



## **Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Hótel Örk í Hveragerði, 23. maí 2001, kl. 14:00.**

### **Dagskrá**

#### **1. Fundarsetning**

Karl Björnsson stjórnarformaður setti fund og kynnti dagskrá. Hann gat þess að 20 ár eru liðin frá stofnun Sorpstöðvar Suðurlands. Hann lagði til að Bjarni Einarsson yrði fundarstjóri og Guðmundur Stefánsson fundarritari og var það samþykkt.

#### **2. Skýrsla stjórnar**

Þorvarður Hjaltason framkvæmdastjóri fór yfir árskýrslu Sorpstöðvarinnar. Afkoma fyrirtækisins var mjög góð sl. ár. Rekstrarafgangur eftir fjármagnsliði var tæp 23 milljónir kr. og eiginfjárstaða hefur styrkst og handbært fé aukist um 7 milljónir.

Gjaldskráin hækkaði um 20% sl. ár. Stjórnin leggur til að hún verði óbreytt þar sem fyrirsjáanlegur er kostnaður sem verður við svæðið eftir að því er lokað.

Landform ehf. hefur gert tillögu að endanlegum frágangi og útliti urðunarsvæðisins og er hún til umfjöllunar hjá Sveitarfélaginu Ölfusi.

Innvegið sorpmagn nam samtals 29 þús. tonnum, sem er 21,6% aukning frá fyrra ári.

Nýr sorptroðari var keyptur á árinu.

Sorpstöðin er stærsti aðili að Kjötmjöli ehf. Kjötmjölsverksmiðjan hóf störf í september á sl. ári og seldist allt mjöl úr þeirri sláturtíð. Í desember var hins vegar bönnuð notkun kjötmjöls í dýr sem notuð eru til manneldis. Þetta leiddi til

verðfalls á mjölinu. Unnið er að því að selja mjöl til landgræðslu og skógræktar auk loðdýrafóðurs.

Stuðnings hefur verið leitað hjá stjórnvöldum vegna þessa vanda en ljóst er að af honum verður ekki. Á næstunni verður að taka ákvörðun um framtíð fyrirtækisins, hvort óskað verður eftir gjaldþrotaskiptum eða hlutafé aukið.

Guðmundur Tryggvi Ólafsson gerði grein fyrir ýmsum stærðum hvað varðar hinar ýmsu tegundir sorps sem koma til urðunar eða fara í endurvinnslu og einnig fór hann yfir ýmis fagmál í greininni.

Þorvarður las og skýrði reikninga Sorpstöðvarinnar.

Karl Björnsson lagði áherslu á að sem fyrst yrði tekin ákvörðun um framtíð Kjötmjöls ehf. og æskilegt að sveitastjórnir geti fjallað um málið sem fyrst.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson lagði fram hugmynd um að Sorpstöðin og Kjötmjölsverksmiðjan yrðu samrekin og skilagjald og urðunargjald yrði það sama. Loftur Þorsteinssyni leyst ekki á kjötmjölið sem áburð. Guðmundur Rúnar Svavarsson velti fyrir sér hækkandi kostnaði við umhverfismál. Heimir Hafsteinsson lagði áherslu á áframhaldandi reksturs Kjötmjöls. Guðmundur Stefánsson spurði um notkun á kjötmjöli og afstöðu dýralækna til þess og um kostnað við sorpurðunarstaði eftir að notkun lýkur.

Karl Björnsson benti á að urðunargjald á sláturafurðum myndi duga Kjötmjölsverksmiðjunni. Best er ef hægt er að endurnýta úrgang.

Þorvarður og Guðmundur Tryggvi svöruðu um eyðingu sláturúrgangs, misvísandi afstöðu dýralækna og mun á vinnslu kjötmjöls úr sláturúrgangi og eyðingu hans. Arnar Árnason benti á vanda við urðun á sláturúrgangi. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson velti fyrir sér kostnaði vegna umhverfismála.

### **3. Ársreikningur 2000**

Fundarstjóri bar síðan upp reikninga fyrirtækisins og voru þeir samþykktir. Tekjur voru 69 milljónir, rekstrargjöld 44,7 milljónir, fjármagnskostnaður 3,5 milljónir, rekstrarafgangur 7,3 milljónir, skuldir 38,6 milljónir, eigið fé 83,7 milljónir og eignir samtals 122 milljónir.

### **4. Fjárhagsáætlun 2001**

Þorvarður kynnti fjárhagsáætlun fyrir 2001. Tekjur eru áætlaðar 65 milljónir, gjöld 44,4 milljónir, afborgun lána 7 milljónir og fjárfesting 13 milljónir. Áætlunin samþykkt samhljóða.

### **5. Staðfesting gjaldskrár**

Staðfest var eftirfarandi gjaldskrá sem tók gildi um sl. áramót.

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum	kr. 2.50 pr/kg.
Gjald fyrir samningsbundin viðskipti	kr. 1.85 pr/kg.
Gjald fyrir sláturúrgang	kr. 4.90 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp	kr. 4.80 pr/kg.
Gjald fyrir seyru	kr. 1.00 pr/kg.
Afgreiðslugjald	kr. 780.-
Gjald fyrir trjáakurlara	kr. 2.200 pr. klst.

Allar verðtölur eru án virðisaukaskatts.

## 6. Kosning stjórnar

Stjórnin var öll endurkjörin sem og skoðunarmenn.

Aðalmenn í stjórn:

Karl Björnsson  
 Ágúst Ingi Ólafsson  
 Sesselja Jónsdóttir

Varamenn:

Gísli Páll Pálsson  
 Bjarni Einarsson  
 Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Skoðunarmenn:

Bjarki Reynisson  
 Loftur Þorsteinsson

## 6. Erindi

Erindi Cornelius Meulen frá Hollustuvernd ríkisins. Hann fór yfir þróun sorpmála síðustu árin, núverandi lög og reglur um þessi mál og væntanlegar reglur frá EES og framtíðarsýn í þessum málum. Í umræðum um erindið kom fram að góður árangur hefur náðst í pappírssöfnun á Suðurlandi. Einnig kom fram hjá Corneliusi að þar sem sláturúrgangur er urðaður erlendis þá er hann urðaður sér.

Svanlaugur Sveinsson tæknifræðingur hjá Hafnarfjarðarbæ hélt síðan erindi þar sem hann fór yfir þróun sorphirðu í Hafnarfirði á síðustu árum. Í því kom margt fróðlegt fram.

## Aukafundur

Karl Björnsson, sem nú hafði tekið við fundarstjórn bar að lokum undir fundinn hvort hann væri samþykkur því að halda aukafund Sorpstöðvar Suðurlands um málefni Kjötmjöls ehf. nk. fimmtudag 31. maí kl. 13:30 að Austurvegi 56. Var það samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Guðmundur Stefánsson  
fundarritari